

**Sb. 63. Tillaga til þingsályktunar [50. mál]**  
um jöfnun húshitunarkostnaðar.

Flm.: Egill Jónsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd, er geri tillögur um með hvaða hætti húshitunarkostnaður verði jafnaður. Nefndin skal skila álitum fyrir 15. febr. n. k.

**Greinargerð.**

Svo sem kunnugt er hefur olíuverð stórhækkað á síðustu árum. Hefur það valdið margvíslegri röskun í þjóðfélaginu, ekki síst þar sem olían er eini orkugjafinn til húshitunar, en á síðustu árum hefur ónóg raforka frá vatnsaflsvirkjunum valdið því, að víða hafa menn ekki átt þess kost að hita hús sín upp með rafmagn.

Með ýmsum hætti hefur verið leitast við að draga úr áhrifum olíuhækkana, m. a. með hækkun á olíustyrk til húshitunar. Þrátt fyrir það hefur kostnaður við húshitun með olíu farið stórhækkandi, svo að nú er svo komið að hann er rúmlega áttfaldur miðað við Hitaveitu Reykjavíkur, ef ekki er tekið tillit til olíustyrksins, sem á þessu ári nemur 46 700 kr. á einstakling.

Augljóst er, hve slíkur mismunur hefur mikil og óeðlileg áhrif á lífskjör fólks eftir því hvaða orkugjafa það getur notað við upphitun húbýla sinna. Er ekki ofsagt, að einungis þetta atriði getur ráðið úrslitum um, hvar fólk velur sér búsetu. Misrétti af þessu tagi getur því valdið alvarlegri byggðaröskun, nema málið verði tafarlaust tekið föstum tókum og mótuð stefna til frambúðar, svo að menn geti vitað, hvar sem þeir eru búsettir í landinu, hvers sé að vænta í þessum eignum.

Samkvæmt upplýsingum Framkvæmdastofnunar ríkisins hækkaði verð á gasolíu til húshitunar sem hér segir á tímabilinu 13. desember 1978 til 20. desember 1979:

13.12.'78	57.55 kr./lítri	
23.02.'79	68.90	—
12.05.'79	103.05	—
21.07.'79	137.05	—
20.12.'79	155.25	—

Verðið hefur því hækkað um 97.70 kr. hver lítri eða sem svarar til tæpra 170% miðað við verð í lok árs 1978. Á sama tíma hækkaði visitala framfærslukostnaðar úr 1234 stigum í 1911 stig eða um 677 stig. Hlutfallsleg hækkun visitólunnar er því tæp 55% á árinu 1979. Þessar öru breytingar á oliuverði hafa valdið mikilli röskun á hlutfallslegum húshitunarkostnaði eftir landshlutum og munar þar að sjálfsögðu mestu milli oliuhitunarsvæða og hitaveitusvæða. Hér að neðan eru sýnd nokkur dæmi um verð kWh til húshitunar nú:

		% oliuverðs
Oliufélög .....	23.88 kr./kWh	100
Orkubú Vestfjarða .....	14.44 —	60
RARIK .....	14.31 —	60
Rafmagnsveita Reykjavíkur .....	8.60 —	36
Rafveita Akureyrar .....	8.27 —	35
Rafveita Selfoss .....	6.93 —	29
Hitaveita Selfoss .....	2.94 —	12
Hitaveita Reykjavíkur .....	2.87 —	12

Taka verður tillit til þess, að hækkunarbeiðnir hitaveitna og rafveitna hafa ekki verið samþykktar jafnört og oliuverðshækkunarir, þannig að gera verður ráð fyrir að verð innlendu orkugjafanna eigi eftir að hækka verulega innan tíðar. Engu að síður er um verulegan mun að ræða, eins og á hlutfallstölunum sést. Sé miðað við að 13 lítrar olíu fari til hitunar hvers rúmmetra húss á ári verður kostnaður við olíukaup samtals um 908 200 kr. fyrir 450 m<sup>3</sup> hús. Sé miðað við sömu orkunotkun eru sambærilegar tölur hjá nokkrum orkufyrirtækjum þessar:

542 790 kr.	Orkubú Vestfjarða
537 903 —	RARIK
232 268 —	Rafmagnsveita Reykjavíkur
310 864 —	Rafveita Akureyrar
266 884 —	Rafveita Selfoss
110 513 —	Hitaveita Selfoss
107 881 —	Hitaveita Reykjavíkur

Er hér ekki tekið tillit til olíustyrks.

Af angljósum ástæðum er ákaflega erfitt að bera nákvæmlega saman kostnað við hitun húsa í hinum ýmsu landshlutum. Þetta sést ef litið er til utanaðkomandi afla, svo sem veðurs, mismunandi taxa orkufyrirtækja, sem bæði eru breytilegir milli landshluta, innan þeirra og eftir því hve mikil orka er keypt og á hvaða tíma, og þátta er snúa að neytendum beint, t. d. kjörið hitastig íbúða, einangrun húsa o. s. frv. Í öllum slíkum samanhurði verður því að styðjast við meðaltalstölur, sem eðli samkvæmt gefa ekki nákvæma mynd. Einnig er skylt að geta þess, að þrátt fyrir alla þá umræðu, er verið hefur um húshitun hér á landi undanfarin missiri, er staðreyndin sú, að ekkert er vitað um hitun einstakra húsa landsins, t. d. veit enginn hversu mörg hús eru kynt með olíu, hversu mörg með rafmagni og hversu mörg eru tengd hitaveitu. Þess í stað er sífellt stuðst við mannfjöldatölur, og verður að viðurkenna að sú aðferð er engan veginn nægilega nákvæm. Á sama hátt eru ekki tiltækar nákvæmar upplýsingar um ástand raforkukerfis, þ. e. dreifikerfis landsmanna. Þó mun nú vera unnið að úttekt þess. Enn fremur er sala olíu til húshitunar

óþekkt stærð. Í fyrsta lagi eru olíufélögin þrjú hvert með sína viðskiptavinum, í öðru lagi skarast sala olíu til húshitunar við ýmsa aðra notkun vegna ákvæðanna um niðurfellingu söluskatts til húshitunar, og í þriðja lagi er enginn aðili til í landinu sem safnar nákvæmum sölutölum og birtir þær. Sú aðferð, sem notuð er til að vinna bug á þessum annmörkum, er því að miklu leyti byggð á getgátum, sem þó styðjast við ýmsar reynslutölur. Með þetta í huga verður að túlka tölur um samanburð húshitunarkostnaðar.

Af ástæðum, sem raktar eru hér að framan, er talið í meira lagi vafasamt að bera saman kostnað við hitun húsa eftir stöðu þeirra á landinu. Hins vegar má bera saman kostnað meðalfjölskyldu einhvers staðar á landinu af húshitun eftir því hvaða orkugjafi er valinn eða er tiltækur í hverju tilfelli. Hér reiknast meðalfjölskyldan 3.4 menn, rúmmál á hvern mann 99 m<sup>3</sup> og magn orkugjafa á rúmmáls-einingu á ársgrundvelli: heitt vatn 2.15 tonn, rafmagn 71 kWh, olía 12 lítrar. Einingarverðin eru: Heitt vatn 119 kr./tonn, rafmagn a) 14.31 kr./kWh, rafmagn b) 8.27 kr./kWh og olía 155.25 kr./lítri. Miðað við þessar forsendur fæst eftirfarandi samanburður.

#### Samanburður kostnaðar við húshitun eftir orkugjöfum.

Hitagjafi	Fjöldi	m <sup>3</sup> /mann	Magn/m <sup>3</sup> /ár	Einingarverð/krónur	Samtals krónur
Jarðvarmi	3.4	99	2.15 tonn	119.00	86 119
Rafmagn					
a)	3.4	99	71.00 kWh	8.27	197 641
b)	3.4	99	71.00 kWh	14.31	341 989
Olía	3.4	99	12.00 l	155.5	627 085


Hlutfallslegur kostnaður við jarðvarma og oliukyndingu pr. m<sup>3</sup> á ári miðað við olíu.

Jarðvarmi	2.15 × 199.00	: 255.85	: 13.7%
Rafmagn a)	× 14.31	: 1016.01	: 54.5%
Rafmagn b)	× 8.27	: 587.17	: 31.5%
Olía	12 × 155.25	: 1863.00	: 100.0%

Flutningsmenn leggja áherslu á, að mótaðar tillögur varðandi lausn húshitunarvandans liggi fyrir svo fljótt að taka megi tillit til þeirra við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1980, sem trauðla verður fyrir febrúarlok. Þetta mál snertir ekki aðeins einstaklinga og fjölskyldur úti um hinar dreifðu byggðir, heldur veldur það margvíslegum útgjaldaauka í ýmsum félagslegum rekstri og verður því kostnaðarsamara fyrir þjóðfélagið í heild sem lengur dregst að taka á því.

Tafla I.

Breytingar á verði olíu til húshitunar frá 13.12.78—20.12.79.



Tafla II.

Breytingar olíuverðs 1.1.'79 = 100. Breytingar framfærsluvísitölu 1.1.'79 = 100.

